

# Aðalfundur Markaðsstofu Norðurlands,

kl. 10:00 þriðjudaginn 7. maí 2019 á Fosshótel Húsavík

Mættir stjórnarmenn: Arngrímur Arnarson, Baldvin Esra Einarsson formaður, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Viggó Jónsson, Tómas Árdal varamaður og Þórdís Bjarnadóttir varamaður.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir, Björn Hildir Reynisson, Halldór Óli Kjartansson, Hjalti Páll Þórarinsson, Katrín Harðardóttir og Rögnvaldur Már Helgason.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Kynnti Reinhard Reynisson sem fundarstjóra.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og kynnti dagskrá. Engar athugasemdir gerðar við boðun fundarins. Hjalti Páll Þórarinsson samþykktur sem fundarritari.

## 1. Skýrsla stjórnar

Formaður gerði grein fyrir því að fyrrverandi formaður stjórnar, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sagði frá stjórnarsetu í Markaðsstofu Norðurlands í desember 2018 vegna annarra verkefna. Ekki var kjörinn nýr stjórnarmaður í hennar stað þá, en kjörinn verður nýr fulltrúi í hennar stað á þessum aðalfundi.

Formaður kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár. Í ávarpi formanns kom fram að mikill ólgusjór væri núna í starfsumhverfi ferðaþjónustu, en ekki væri ástæða til örvæntingar. Mikilvægt væri að við uppbyggingu þjónustu við ferðamenn á landinu sé ferðamaðurinn sjálfur og þarfir/óskir hans hafðar í fyrirrúmi. MN gegnir þar lykilhlutverki og er vel í stakk búin til að takast á við það hlutverk. Mikilvægt er því að MN haldi áfram góðu starfi og verði eflað enn frekar til framtíðar.

Framkvæmdastjóri kynnti starf MN síðasta árið og helstu verkefni.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Ólafur hjá Bruggsmiðjunni spurði út í markaðssetningu fyrir Asíumarkað. Framkvæmdastjóri sagði frá að MN hefði hingað til ekki markvisst markaðssett Norðurland a Asíumarkaði. Bæði væri ekki til efni til þess að fara í slíka markaðssetningu og einnig væri mismunandi skoðanir meðal fyrirtækja um stefnu í þessum málum. Fagnaði jafnframt aukinni umræðu um þessi mál.

Valdimar hjá Norðursiglingu þakkaði fyrir góðar kynningar formanns og framkvæmdastjóra. Spurði um Dettifossvæg: stendur til af hálfu MN að vera með viðburð í tengslum við opnun vegarins. Framkvæmdastjóri sagði MN meira en reiðubúna að taka þátt í fögnuði í tengslum við það, en lagði áherslu á að það yrði gert í samstarfi við heimamenn.

Valgerður á Lómatjörn spurði um tvíverknað í upplýsingagjöf til ferðamanna á landinu sem kom fram í ræðu formanns. Framkvæmdastjóri sagði að verið væri að skoða áfangastaðastofur sem lausn til að leysa/einfalda málin varðandi upplýsingagjöf til ferðamanna. Draumsýn MN væri að við starfseminu þar bætist rannsóknir og ráðgjöf til ferðaþjónustufyrirtækja.

Önnur spurning – eru farþegar Super Break og Voigt Travel væru búnir að bóka alla gistingu fyrirfram. Framkvæmdastjóri sagði að svo væri að mestu leyti, en þó væri ólíkt upplegg hjá þessum aðilum. Voigt Travel er með samninga um gistingu vítt og breitt um svæðið fyrir fólk á bílaleigubílum á meðan Super Break væri einkum með gistingu fyrir stóra hópa á Akureyri

Einnig spurt um skilyrði fyrir þátttöku í ACW. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeim skilyrðum.

Jóhannes á Lambinn var með innlegg. Sagði MN að vinna gott starf í markaðssetningu. Einnig að það þyrfti að kortleggja hver við erum, hverjar eru þarfir ferðamannanna sem við viljum fá – og svo vantaði öflugan söluaðila á Norðurlandi.

Jóhannes sagði að það yrði að ná inn meira beinu flugi, tók dæmi af Króatíu sem er með 5 alþjóðaflugvelli, 4 milljón íbúa, og taka á móti 17 milljónum ferðamanna. Það þyrfti líka almennilegar landsamgöngur við höfuðborgarsvæðið – og spurði hvort væri verið að vinna eitthvað í því?

Framkvæmdastjóri sagði að ekki væri verið að vinna beint að því. Gerð var tilraun 2017 með rútuferðir KEF – AEY sem var ekki löng og gekk því ekki vel.

Daniel hjá Gentle Giants hrósaði starfi MN, sérstaklega fyrir gott upplýsingaflæði í gegnum fréttaskot og aðra miðla.

## 2. Afgreiðsla ársreiknings

Framkvæmdastjóri lagði fram samþykktan og undirritaðan ársreikning MN til kynningar og fór yfir einstaka liði hans. Fór í beinu framhaldi yfir í næsta lið.

## 3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

Framkvæmdastjóri kynnti samþykktu fjárhagsáætlun MN fyrir næsta ár.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

## 4. Stjórnarkjör

*Stjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm mönnum og tveimur varamönnum. Miða skal við að tveir stjórnarmenn og einn varamaður komi af Norðurlandi vestra og þrír stjórnarmenn og einn til vara frá Norðurlandi eystra. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Varamenn eru kosnir til eins árs í senn. Annað hvert ár skal kosið um tvo stjórnarmenn og hitt árið um þrjá stjórnarmenn.*

Fundarstjóri kynnti Halldór Óla sem umsjónarmann með kosningum til stjórnar MN. Halldór kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar MN. Hann kynnti einnig framboð til stjórnarkjörs og fór yfir hvernig stjórn MN er samsett.

Kosið var um stjórnarsæti Unnar Valborgar Hilmarsdóttur (NV), Arngríms Arnarsonar (NA) og Eddu Hrundar Guðmundsdóttur Skagfield (NA) þar sem tveggja ára kjörtímabili þeirra er að ljúka. Unnur Valborg hefur látið af störfum sem stjórnarmaður og gaf ekki kost á sér áfram. Arngrímur og Edda Hrund buðu sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Einnig var kosið um sæti varastjórnarmannanna Þórdísar Bjarnadóttur (NA) og Tómasar Árdal (NV).

Baldvin Esra Einarsson formaður frá Saga Travel (NA) og Viggó Jónsson frá Drangeyjarferðum (NV) voru kjörnir til tveggja ára á síðasta aðalfundi og sitja því áfram.

### Framboð til aðalmanna sem bárust:

Arngrímur Arnarson, markaðsstjóri Norðursiglingar (NA)

Edda Hrund Guðmundsdóttir Skagfield, hótellstjóri Hótel Laxá (NA)

Erla Torfadóttir, hótelstjóri Fosshótel Húsavík (NA)

Hlynur M. Jónsson, framkvæmdastjóri Ice 1 – Akureyri Luxury Travel & Transfer Service (NA)

Sigurður Líndal Þórisson, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands (NV)

Frambjóðendur kynntu sig og sitt framboð til stjórnarsetu.

Sigurður Líndal Þórisson var sjálfkjörinn í stjórn sem fulltrúi frá Norðurlandi vestra, þar sem ekki bárust önnur framboð frá því svæði.

Kosið var um sæti tveggja fulltrúa frá Norðurlandi eystra. Niðurstöður kosninganna voru að Arngrímur Arnarson og Edda Hrund Guðmundsdóttir voru kjörin til áframhaldandi stjórnarsetu.

Framboð til varamanna sem bárust:

Bæði Tómas og Þórdís gáfu kost á sér áfram sem varamenn í stjórn. Ekki bárust önnur framboð og þau því sjálfkjörin.

## 5. Kjör endurskoðenda

Stjórn hefur samþykkt að halda endurskoðun óbreyttri í höndum KPMG

## 6. Starfshættir stjórnar

Engar breytingar á starfsreglum stjórnar.

## 7. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Stefán Tryggvason hjá Hótel Natur tók til máls og velti fyrir sér þróuninni í ferðaþjónustu á Íslandi næstu 10-20 árin. Hann sagði okkur á landsbyggðinni vera þiggjendur sem ráðum engu, tökum því sem að okkur er rétt, en erum ekki við stjórnvölinn. Allar ákvarðanir séu teknar á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis. Hann segist ekki vilja sætta sig við þessa stöðu og veltir upp spurningunni hvað þarf til að breyta þessu? Það hljóti að þurfa nýja nálgun fyrir ferðaþjónustu á Íslandi, þar sem Ísland er markaðssett sem tveir valkosti. Annars vegar Höfuðborgarsvæðið og dagsferð þaðan en hins vegar Vestfirðir, Norðurland og Austurland. Til þess að þetta geti orðið þurfi að pressa áfram á stjórnvöld, Isavia, Icelandair eða aðra til að gera þetta. Eða fara aðrar leiðir, finna ríka Arabann eða Kínverjann til að fjárfesta í flugvelli. Það þurfi að ná öllum aðilum á svæðinu saman til að þetta geti orðið. Samhlið þessu ætti að horfa til þess að við á þessum hluta landsins ættum að taka forystuna í umhverfismálum.

Jóhannes Geir hjá Lamb-Inn tók heilshugar undir með Stefáni um mikilvægi þess að ná saman hagsmunaaðilum á svæðinu frá Vestfjörðum til Austurlands og markaðssetja það svæði sérstaklega. Velti fyrir sér hvort fyrirtæki hér ættu að segja sig úr SAF og Íslandsstofu og fá fjármunina hingað norður til að nýta þá hér. Jóhannes bindur vonir við Super Break og að hægt verði að ná miðevrópubúum hingað með sömu leiðum.

Viggó Jónsson þakkaði traustið til stjórnarsetu. Hann tók undir með Stefáni um að skoða leiðir til aukins samstarfs utan höfuðborgarsvæðisins. Hans sagði jafnframt mikilvægt að að hlusta á raddir erlendra gesta sem hingað koma.

Valdimar hjá Norðursiglingu sendi ábendingu til nýrrar stjórnar MN, hvort ekki væri ástæða til að rótera staðsetningu aðalfunda MN. Hann spurði einnig Hjalta út í möguleika á meira millilandaflugi.

Formaður svaraði Valdimar varðandi mismunandi staðsetningu fyrir aðalfund. Stjórn hefur hingað til metið það sem svo að best væri að hafa fundinn miðsvæðis – til að ekki verði of langt að sækja hann og tryggja mætingu. Þessi ábending væri þó komin til skila og yrði tekin til athugunar.

Hjalti svaraði Valdimar og sagði að ekkert annað væri í farvatninu nú, annað en það sem þegar væri búið að tilkynna um.

Í lok fundar hélt Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu erindi um markaðssetningu á Íslandi.

Fleira ekki rætt. Formaður þakkaði fundarstjóra fyrir frábæra fundarstjórn, þakkaði fráfarandi stjórnarfólki fyrir frábær störf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Þakkaði einnig fundarmönnum fyrir góðar umræður og ábendingar til nýrrar stjórnar til að vinna úr. Formaður sleit fundi kl. 12:10.

Fundarritari: HPP